



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26. APRÍL 1912

Formannafundur UMSB
22. maí kl.18:00
Í sal Grunnskólans í Borgarnesi

Fundargerð

Mætt eru: Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari, Ólafur Daði Birgisson varasambandsstjóri, Bjarney L. Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, Jón Theodór Jónsson, Sigríður Bjarnadóttir, Heiðrún Helga Bjarnadóttir, Snorri Þórðarson, Magnús Már Haraldsson, Sigurjón Helgason, Kristján Guðmundsson, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Hulda Geirsdóttir, Ingi Þór Magnússon og Eyþór Gíslason.

1. Sambandsstjóri setur fundinn. Þýður öll velkomin.
2. Fundargestir kynna sig og segja frá hvernig gengur

Jón Theodór Jónsson fyrir hönd knattspyrnudeildar Skallagríms, fjallar um gróskuna í deildinni og fjölgun í stelpuhópnum. Meistaraflokkur er að spila í 4. deild.

Sigríður Bjarnadóttir formaður körfuknattleiksdeildar Skallagríms fer yfir úrslitin í meistaraflokknum sem lentu í öðru sæti í 2. deild karla. Nokkrir krakkar í landsliðshópi. Allt á fullu að undirbúa haustið, verið að undirrita samninga við þjálfara. Vonast til að geta skráð stelpulið í 12. flokk (17 og 18 ára.) Hefur aðeins fjölgað í iðkendahópi.

Heiðrún Helga Bjarnadóttir verðandi formaður sunddeildar Skallagríms fer yfir að deildin hefur legið í dvala en markmiðið er að garpasundið verði fyrsta verk.

Snorri Þórðarson formaður Golfklúbbsins Glanna, það er verið að vinna í að opna völlinn. Búast við góðu sumri og hafa fengið stuðning frá vinnuskólanum.

Magnús Már Haraldsson formaður Ungmennafélags Hvalfjarðarsveitar: Hafa verið með íþróttaskóla fyrir yngstu börnin. Voru að reyna ná í að halda sundnámskeið en það náðist ekki.

Sigurjón Helgason formaður Björns Hítardælakappa: eru að halda úti leikjakvöldi 1x í viku sem endar oft með fótbolta.

Kristján Guðmundsson formaður Ungmennafélagsins Íslendinga: Eru með reksturinn í Hreppslaug, langar að halda námskeið fyrir yngstu hópana í sundi. Fengu styrk frá Borgarbyggð að byggja strandblaksvöll á Hvanneyri. Hreppslaugin orðin hálfgerð félagsmiðstöð fyrir krakkana.

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir formaður Ungmennafélagsins Dagrenningar: Þar er að mestu verið að halda utan um rekstur félagsheimilis. Verið að hittast og horfa á boltann o.s.frv.

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir formaður Hjólreiðafélags Vesturlands: Hafa ekki verið með neinar skipulagða æfingatíma en s.l vetur var hópurinn að hjóla saman einu sinni í viku í gegnum Swift appið en það er á planinu að vera með námskeið. Eru með skipulagðar ferðir eins og t.d þann 3. júní er skipulögð ferð yfir Skarðsheiðina.

Hulda Geirsdóttir formaður badmintondeildar Skallagríms: Hún er bara nýtekin við formennsku. Það hafa verið þjálfaravandamál eru núna komin í samstarf við ÍA og kemur þjálfari 2x í viku. Það var mót um miðjan mars á Akranesi. Stefnan næsta vetur er að fara meira á badmintonmót. Það er ekki byrjað að ræða haustið, verk í vinnslu.

Ingi Þór Magnússon formaður Ungmennafélags Reykdæla: Það hefur verið öflugt íþróttastarf í vetur, sundæfingar, blakæfingar, fótboltaæfingar. Verið að ræða við þjálfara varðandi framhaldið.

Eypór Gíslason formaður hestamannafélagsins Borgfirðings: Allt með hefðbundnu sniði. Mót og námskeið fyrir yngri og eldri, öll vel sótt. Rekstur reiðhallarinnar gengur vel.

Tvö börn í afrekshópi hestamanna.

Verið að byrja vinna að uppbyggingu reiðvega.

Ólafur Daði Birgisson formaður Ungmennafélags Stafholtstungna:

Sumaræfingar í undirbúningi, verið að reyna finna út hvernig krakkarnir á Bifröst geta tekið þátt. Verið að sækja um styrk fyrir rútum o.þ.h.

Í vetur var íþróttaskóli fyrir börn, 25 börn sem skráðu sig. Stefna á að halda aftur í vetur.

UMSB: Bjarney fer yfir mál UMSB þar á meðal Íþróttaping ÍSÍ og vorfund UMFÍ. ÍSÍ og UMFÍ eru að fara samræma útteilingu lottótekna, það verði eitthvað kerfi sem gengur eins yfir svæðin. Þá fara viðmiðin eftir fjölda barna 17 ára og yngri á svæði sambandsins. Einnig er stefnt á meira samstarfs og búið að skipta upp í átta héraðssvæði yfir landið þar sem UMSB yrði í samstarfi við ÍA, HSH og UDN. Rætt um að hvert svæði hafi tvo starfsmenn á sínum snærum.

UMFÍ þingið verður í haust og þá ættum við að vera með skýrari sýn á framhaldið varðandi samstarf héraðssambanda og sameiginlega starfsstöð.

3. Starfsskýrsluskil

Öll sammála um að breyta dagsetningu á starfsskýrsluskilum.

Einhver byrjuð eða búin að senda inn. Bjarney minnir á að það má endilega hafa samband við hana ef það vantar aðstoð við að fylla út starfsskýrsluna. Umsóknarfrestir fyrir starfsstyrk frá Borgarbyggð og bókhaldsstyrk frá UMSB er 15. júní.

4. Styrkúthlutanir: Hefur alltaf gleymst að gera ráð fyrir ferðastyrk í fjárhagsáætlun. Stjórnin komi með tillögu um skýrari reglur um útteilingu á ferðastyrk, afreksstyrk og þess háttar.

Bókhaldsstyrkurinn er frá KPMG og það eru 500 þús sem á eftir að úthluta. Aðildarfélögin þurfa bara að fá reikning frá bókhaldfélögunum og skila þeim inn til UMSB.

5. Samningur við Borgarbyggð

- Hérðspjálfari, ath möguleikann á því að ráðinn verði inn þjálfari sem fer um héraðið og er á launaskrá með styrk frá Borgarbyggð.
- Þjónustumiðstöð
- Samræma boðleiðir milli skóla, tómstundarfulltrúa, aðildarfélaga og UMSB.
- Ath. koma inní samning að aðildarfélög hafi aðgang að húsnæði til afnota vegna fjáraflana og þess háttar.

6. Önnur mál

- Launamál UMSB: UMSB fékk bakreikning vegna vangreiddra orlofsdaga fyrrum starfsmanns UMSB það verður greitt út þann 1. júní.
- Heimasíðan: Þurfum að vera samtaka að halda henni lifandi. Aðildarfélögin ábyrg að senda upplýsingar um nýja stjórn og viðburði áfram til UMSB svo hægt sé að koma upplýsingum á heimasíðuna en ekki á lokuðum facebook hópum eða -síðum.
- 2-3 dagar á ári þar sem verða fræðsludagar og þá daga verða felldar nður æfingar eftir kl. 18 og þá er skyldumæting að mæta á fræðslu. Heilaheilsa eru tilbúin að koma.
- Félagatalið er hægt að skrá í sportabler. Það þarf að finna fyrir fólk til að bæði skrá sig og afskrá sem féлага með auðveldum hætti.
- Unglingalandsmót: Allir spenntir fyrir því, aðildafélög lýsa áhyggjum af tjaldsvæðamálum.

Fundi slitið kl. 20.24.